


Tónleikar

með verkum

Hjálmars H. Ragnarssonar



LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

LAUGARDAGINN 8. APRÍL 1989 KL. 17.00

TRÍÓ fyrir þrjú klarínnett (1981) .....

Kjartan Óskarsson, Sigurður I. Snorrason, Óskar Ingólfsson

FIMM PRELÚDÍUR (1983-85) .....

1. Andante sostenuto
2. Allegro con brio
3. Risoluto/Teneramente
4. Tempo giusto
5. Energico, ben marcato - Adagio con espressione

Anna Áslaug Ragnarsdóttir, píanó

RÓMANZA (1981) .....

Martial Nardeau, flauta; Óskar Ingólfsson, klarínnett;  
Snorri Sigfús Birgisson, píanó

H L É

TRÍÓ fyrir klarínnett, selló og píanó (1983-84) .....

Óskar Ingólfsson, klarínnett; Nora Kornblueh, selló;  
Snorri Sigfús Birgisson, píanó

TENGSL - sex lög við ljód Stefáns Harðar Grímssonar fyrir söngródd og  
strengjakvartett (1988) .....

Jóhanna V. Þórhallsdóttir, söngur; Hlíf Sigurjónsdóttir, fióla; Sean Bradley,  
fióla; Helga Þórarinsdóttir, víóla; Nora Kornblueh, selló

## TRÍÓ fyrir þrjú klarínnett

Þetta örstutta tríó var frumflutt á tónleikum Musica Nova vorið 1981. Öxull verksins er tónninn -e- (hljómandi -d-) en í forgrunninum er einnig stækkaður þríhljómur. Í þessari tónsmíð heyrast ýmis þau einkenni höfundarins sem birtast í stærra samhengi í sumum síðari verkum hans.

## FIMM PRELÚDÍUR

Hjálmar samdi FIMM PRELÚDÍUR á árunum 1983 og 1984, og frumflutti Anna Áslaug þrjár þeirra á tónleikum Musica Nova vorið 1983 en verkið í heild á einleikstónleikum sínum á Myrkum Músíkdögum í febrúar 1985.

Prelúdíurnar eru gjörólíkar hver annarri hvað snertir allt yfirbragð og áferð, en sem heild eru þær nokkurs konar óður til píanósins sem hljóðfæris átaka og ástríðna en jafnframt hljóðfæris blíðu, sársauka og gleði.

Prelúdíurnar byggjast að nokkru leyti á tónhugmyndum, sem spröttar eru af sömu rót, en samt sem áður er hver þeirra sjálfstæð smíð er aðeins lýtur eigin lögmálum. Það má því segja að þetta séu prelúdíur í svipuðum skilningi og ýmsir meistara fortíðarinnar notuðu það heiti um píanóverk sín, t.d. Chopin og Rachmaninoff.

## RÓMANZA

RÓMANZAN var samin sumarið og haustið 1981. Hún var frumflutt það sama ár í Stokkhólmi á tónleikum þeirra Manuelu Wiesler, Einars Jóhannessonar og Þorkels Sigurbjörnssonar, sem haldnir voru á vegum sænska útvarpsins. Þetta verk var valið eitt athyglisverðasta tónverkið á ISCM-tónlistarhátíðinni í Hong Kong á síðastliðnu hausti.

## TRÍÓ fyrir klarínnett, selló og píanó

Þau Óskar, Nora og Snorri frumfluttu þetta verk á tónleikaferð sinni um Svíþjóð veturinn 1984, en það er samið að beiðni sænsku Ríkistónleikanna. Þá fluttu þau það einnig á ISCM-hátíðinni í Amsterdam 1985.

Í nær tveimur þriðju hlutum verksins vinnur höfundurinn aðeins með fjóra tóna (dís, e, f, fí), og í baráttu, sem reynir á þolrífin, glímur sellóið við hin tvö hljóðfærin um að losna úr þeirri þrisund. Sellóið finnur loks opna leið og nær að blómstra á öllum sviðum og syngja sinn söng að lokum. Tríóið er tileinkað Sirry.

## TENGSL fyrir söngrodd og strengjakvartett

Hjálmar skrifaði þetta verk sitt á Ísafirði á liðnu sumri, og er það samið við sex ljóð úr bókinni TENGSL eftir Stefán Hörð Grímsson og er titill verksins fenginn af heiti bókarinnar. Hinn rauði þráður ljóðanna er hið viðkvæma samlíf manns og náttúru og í þeim dregur skáldið mennina miskunnarlaust til ábyrgðar fyrir þá eyðilegginu sem þeir hafa valdið á umhverfi sínu. TENGSL voru samin að beiðni einstaklinga hér í borg, sem óska að láta nafna sinna ekki getið, en verkið er tileinkað unnendum íslenskra ljóða og náttúru.

---

Ýmis fyrirtæki veita fjárstyrki til þessara tónleika, m.a.

Eimskipafélag Íslands h.f.,  
Sjóvá - Almennar Tryggingar h.f.  
og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis.

Þeir sem standa að þessum tónleikum þakka fyrirtækjunum veittan stuðning.